

# EFTIRLITSSKÝRSLA



Colas Ísland hf. Benninghoven Færanleg malbikunarstöð

Dags eftirlits	8.7.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Colas Ísland hf. Benninghoven	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Gullhelli 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Harpa Þrastardóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik fannst í eftirliti.

Ábendingar voru gerðar um að skila mengunarmælingum og hljóðmælingum á rekstrartímanum. Eins var bent á að setja upp árekstrarvarnir við olíu- og bikgeyma sem eru í aksturleið vinnuvéla og bíla. Farið var fram á að rekstraraðili útbúi lista yfir neyslu-, húsa- og lausageyma sem tilheyir stöðinni og sendi afrit af listanum á Umhverfisstofnun.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Meðfylgjandi er dagskrá eftirlitsins:

- Farið yfir kröfur í starfsleyfi:
  - áætlanir, mælingar, skýrslur (og gagnaskil), tilkynningar og skráningar rekstraraðila
- Staða frávik og ábendinga
- Oliugeymar / bikgeymar í notkun, kröfur til olíugeyma
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
- Skoðun verksmiðjunnar og lóð.

Farið var í reglubundið eftirlit með malbikunarstöð Colas Ísland hf. – Benninghoven. Fundur um Benninghovenstöðina fór fram í húsakynnum malbikunarstöðvarinnar á Reyðarfirði, en síðar var ekið upp á Egilsstaði og þar fór skoðun á stöðinni fram.

Stöðin er færanleg, í eigu Skútubergs ehf. en í útleigu til Colas Ísland hf. Stöðin er staðsett við Selhöfða á lóð Þórfells ehf. í Fellum, sem hefur veitt Colas Ísland hf. leyfi fyrir staðsetningunni. Leyfi Múlapings til 20. ágúst liggur fyrir. Á fundinum voru Harpa Þrastardóttir frá Colas Ísland hf. og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Færanlega Benninghoven malbikunarstöðin er með tímabundna undanþágu ráðuneytisins (gefin út 24. júní 2021) frá því að hafa starfsleyfi en skal styðjast við og fylgja í hvívetna skilyrðum í starfsleyfi Marini-stöðvar Colas Ísland ehf. sem Umhverfisstofnun gaf út 10. desember 2020 og fella starfseminna undir umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt kröfum ISO 14001. Framkvæma skal hávaða- og mengunarmælingar. Undanþágan gildir þar til malbikunarverkefninu á Egilsstaða flugvelli lýkur eða starfsleyfi hefur verið gefið út en eigi lengur en til 1. október 2021.

- Í starfsleyfi Marini-stöðvarinnar er krafa um fjórar skriflegar áætlanir:
  - Áætlun um ráðstafanir sem gera þarf fyrir flutning stöðvarinnar til þess að úrgangi, efnun, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymun, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt og varðandi annan frágang (frágang vegna rekstrarstöðvunar).
  - Viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda og
  - Áætlun um rekstur og vöktun hreinsibúnaðar í útblæstri.
  - Áætlun sem tekur á því hvernig hefta skal rykmengun frá starfseminni við óhagstæð veðurskilyrði. Rekstraraðili á þessar áætlanir en er að uppfæra þær og mun senda afrit af uppfærðum áætlunum til Umhverfisstofnunar nú í ágúst. Mælingar skal gera árlega til þess að staðfesta að útblástur frá stöðinni sé innan losunarmarka (sjá grein 3.5 í starfsleyfi Marini-stöðvarinnar). Rekstraraðili hefur látið framkvæma útblástursmælingar og ættu niðurstöður mælinga að berast stofnuninni í haust. Eins er krafa um hávaðamælingar á rekstrartímanum. Tryggingar vegna bráðamengunaróhappa liggur fyrir og rekstraraðili hefur fengið vottað umhverfisstjórnunarkerfi í malbikunarstöðvum sínum. Grænt bókhald og ársyfirlit mælinga og skráninga skal skila fyrir 1. maí 2022.

2. Ekki eru nein eldri frávik eða ábendingar vegna þessarar stöðvar.

3. Farið var fram á að rekstraraðili útbúi lista yfir neyslu-, húsa- og lausageyma sem tilheyir stöðinni og sendi afrit af listanum á Umhverfisstofnun.

4. Farið var yfir áhættumat um tíðni eftirlits Umhverfisstofnunar í malbikunarstöðvum landsins. Breytingar á flokkum og vægi þeirra í áhættumati voru kynntar. Áhættumat fyrir stöðina verður sent rekstraraðila áður en til næsta eftirlits kemur.

5. Framleiðsla malbiks í Benninghoven-stöðinni á vegum Colas Ísland hf. hófst einungis nokkrum dögum áður en komið var í eftirlit. Engin mengunaróhöpp hafa orðið vegna starfseminnar í Selhöfða og engar kvartanir vegna hennar borist til Umhverfisstofnunar. Vel er gengið um úrgang og spilliefni.

Bent var á að bæta þarf árekstrarvarnir við olúgeyma sem eru í akstursleið vinnuvéla og bíla.

6. Við skoðun á aðstöðu rekstraraðila (lóð nr. 7 í Selhöfða) voru skoðaðir olúgeymar og efnishaugar. Stöðin var í gangi þegar komið var í skoðun. Aðstaðan er snyrtileg og þokkalega rúmt um efnishauga. Öll umgengni var snyrtileg. Bent var á að bæta þarf árekstrarvarnir við olúgeyma sem eru í akstursleið vinnuvéla og bíla.

## ÁBENDINGAR


1. Rekstraraðila er bent á skil á mengunarmælingum og hljóðmælingum á rekstrartímanum.
2. Rekstraraðila er bent á að setja upp árekstrarvarnir við olú- og bikgeyma sem eru í aksturleið vinnuvéla og bíla.
3. Rekstraraðila var bent á að uppfæra lista yfir olúgeyma (neyslu-, húsa- og lausageyma) sem tilheyri stöðinni og sendi afrit af listanum á Umhverfisstofnun.

Heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis fær afrit af gögnunum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.09.2021



Gottskálk Friðgeirsson